



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Rauðaborg

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	5
3 Innra mat deilda	12
3.1 Innra mat Lauf.....	12
3.2 Innra mat Lyng	14
3.3 Innra mat Hreiður	18
4 Innra mat sérkennslu	21
5 Innra mat – fjöltyngd börn	23
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	25
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	26
8 Foreldrasamvinna	28
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	29
10 Fylgigögn.....	29
Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	29
Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal	29
10.1 Fylgiskjal 1 –Umsögn foreldraráðs.....	30
10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal	31



Leiðarljós leikskólans

Einkunnarorð Rauðaborgar er gleði, virðing, sjálfsefning og þau eru okkar leiðarljós í starfinu.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn 2022-2023 fór ágætlega af stað, fullráðið var í allar stöður, en fljótlega fóru tveir starfsmenn í langtímaveikindi og þurfti því að ráða inn fleira starfsfólk í september og október. Frá því í október hefur starfsmannhópurinn verið sá sami og ekki eru væntanlegar miklar breytingar á honum.

Stærstu breytingarnar s.l. haust voru að hætt var að elda hádegismat í Rauðaborg, en í staðinn fáum við núna tilbúinn mat frá Skólamat. Það tók nokkurn tíma að aðlagast því, en nú er ljóst að við munum halda áfram að kaupa hádegismat af þeim, enda góður matur og góð þjónusta.

Skammtímaveikindi starfsfólks lituðu nokkurn veginn allan veturinn. Við þurftum að skerða vistun barna nokkrum sinnum s.l. vetur, en síðan í janúar hefur fjarvistunum fækkað og ekki hefur þurft að grípa til skerðingar í nokkra mánuði.

Samvinna starfsfólks í Rauðaborg hefur verið góð þetta starfsár. Mikið hefur verið gripið til að færa starfsfólk á milli deilda tímabundið vegna fjarveru/veikinda starfsfólks til að nýta mannauðinn sem best og hefur það gengið vonum framár. Ákveðið var að einblína á að vinna sem ein heild í húsinu og láta starfið ekki líða fyrir það hverja vantaði í hús, heldur hugsa fremur um hvernig við getum nýtt þá sem eru á staðnum. Við æfðum okkur í að finna lausnir í staðinn fyrir að hugsa hvort við þyrftum að sleppa einhverju.

Dagskipulag á elstu deildinni var fullmótað frá upphafi haustsins og gekk nokkuð vel eftir allan veturinn, enda starfsfólkið þar með mestu menntunina og lengstu starfsreynsluna. Barnahópurinn á deildinni var öflugur og fyrirferðarmikill á margan máta. Samstarf starfsfólks á deildinni og samhæfð vinnubrögð með barnahópin skilaði miklum árangri frá hausti 2022 til vors 2023. Á miðdeildinni fór deildarstjóri í langtímaveikindi og staðgengill tók við deildarstjórastöðunni á meðan. Margt nýtt starfsfólk var á deildinni og gekk ekki nógu vel að finna taktinn fram eftir vetri, eða þar til ljóst var að deildarstjóri væri ekki að koma til baka fyrr en að loknu fæðingarorlofi undir vor 2024. Frá janúar 2023 tók staðgengill formlega við deildarstjórastöðunni og starfið á deildinni fór að færast í betra horf. Á yngstu deildinni tók



tíma að aðlaga ný börn inn og fram undir áramót fólst starfið að mestu í því að kynnast börnunum. Frá því í janúar hefur samstarfið milli yngstu og miðdeildar eflst til muna og gaman er að sjá hvað flæðið á milli þessara tveggja deilda hefur þróast á jákvæðan hátt, og höfum við tekið ákvörðun um að efla það enn betur áfram.

Skipulagt starf í Rauðaborg veturinn 2022-2023 var að mestu leyti fyrri hluta dags á öllum deildum. Meiri áhersla var lögð á frjálsan leik og flæði, úti og inni að loknum hádegismat og rólegum stundum. Vel var unnið með sjálfseflingu og félagsfærni í daglegu starfi með öllum börnum, börnin eru stöðugt hvött til að prófa nýja hluti og gera sjálf og næsta skólaár viljum við þróa sjálfstæði þeirra enn betur og leggja áherslu á virkni og þátttöku barna út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Starfsmannahópurinn veturinn 2023-2024 verður að mestu leyti sá sami og síðasta vetur, en við komum til með að flytja starfsfólk á milli deilda og nýta þannig þekkingu og reynslu þess betur.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat leikskólans hefur verið unnið eftir þeim þáttum sem matsteymi Rauðaborgar ákvað að yrðu metin veturinn 2022 – 2023. Innra matið fór reglulega fram á deildastjórafundum, innra mats teymisfundum, deildafundum og starfsmannafundum. Nýtt teymi var búið til, innra matsteymi þar sem leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjóri, almennur starfsmaður og foreldri hittust reglulega til að endurmeta starfið. Deildastjórafundir voru vikulega þó að þeir hafi stundum fallið niður. Deildafundum var þó að einhverju leyti ábótavant en reynt var að fylgja áætlun þar sem hver deild hélt fund á tveggja til þriggja vikna fresti.

Þeir umbótaþættir sem voru fyrir árið 2022-2023 og snýr að innra starfi leikskólans eru eftirfarandi þættir:

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannaviðtöl	Samtöl við deildastjóra og Leikskólastjóra	Starfsfólk	Starfsfólk voru ánægð í starfi, en ekki tókst að hafa samtölin eins oft og við ætluðum okkur.
Hlutverk starfsfólk í leik	Á deildastjórafundum og deildarfundum	Deildastjórar og stjórnendur	Starfsfólk var meira með börnum í leik en áður, gaf þeim athygli í leiknum, en ekki bara ef eitthvað bjátaði á eða þegar börnin báðu um aðstoð.
Starfsánægja	Starfsfólk svaraði spurningum um líðan og þátttöku í starfinu og svörin voru svo rædd í samtölum við	Allt starfsfólk	Glatt og öruggt starfsfólk, greinilegt að allir eru að gera það sem þeim finnst gaman og vita að þau hafa frelsi til að prófa nýja hluti.



	deildastjóra og leikskólastjóra		
Græn skref	Að fylla út gátlista	Stjórnendur	Komumst ekki í verkefnið, verður sett í forgang strax haustið 2023

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar	Rafræn könnun gerð í nóvember 2022	Starfsfólk (12 af 16)	Könnunin kom mjög vel út. Heildarmat var 4,13 af 5,0 og helstu styrkleikar voru jafnrétti (4,68), stjórnun (4,55), sjálfstæði í starfi (4,33) og ánægja og stolt (4,23) Helstu veikleikar voru tengd launakjörum (3,10) og hljóðvist í vinnurými (3,30)
Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar	Rafræn könnun vorið 2023	Foreldrar og svarhlutfall var 79,5%	Heildaránægja með leikskólann var 4,44 af 5,0 Það sem kom verst úr var að aðbúnaður barna yngri en 2 ára væri ekki nógu góður (2,75) og að ekki væri leitað til foreldra eftir tillögum og hugmyndum (2,67) Helstu styrkleikar okkar samkvæmt könnuninni er að hér sé vingjarnlegt andrúmsloft (4,59) , leikskólanum vel stjórnað (4,59) og að





Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

Sérlega mikil og góð starfsánægja hefur verið meðal starfsfólks þetta starfsár og viljum við halda áfram að skapa góðan starfsanda og liðsheild. Okkur finnst mikilvægt að leikskólabragurinn sé góður og með því að efla hann munum við áfram vinna markvisst að því að viðhalda starfsánægju og vellíðan starfsfólks. Einnig viljum við leggja áherslu á sjálfsefningu starfsfólks, auka sjálfstæði þess í ákvarðanatöku og frumkvæði í starfi.

Móttaka nýs starfsfólks hefur verið ábótavant og viljum setja okkur það markmið að taka vel á móti nýju starfsfólki og því verður það nýr umbótaþáttur í starfsáætlun.

Skólanámskráin okkar hefur verið í vinnslu bæði vegna tímaskorts á síðastliðnu skólaári og ýmsum öðrum ástæðum. Við viljum því leggja aukna áherslu á skólanámskrána og setja það inn í umbótaáætlun að klára hana á næsta starfsári. Við ætlum að vinna hana með öllu starfsfólki leikskólans á starfsmannafundum og skipulagsdögum. Með því að leggja áherslu á að vinna markvisst í skólanámskránni er verið að efla þekkingu starfsfólks á áherslum í starfi og allir eigi rétt að því að koma með skoðanir sínar í umræðuna varðandi starfið.

Virgni barna og þátttaka er mikilvægur hluti af leikskóladegi þeirra. Við viljum virkja lýðræði þeirra og að þau fái að hafa skoðanir á starfinu. Börnin eru mikilvægir þátttakendur í leikskólastarfinu og því viljum við að börnin taki þátt í að endurmeta starfið.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðf erðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Móttaka nýs starfsfólks	Vera með virka móttöku- áætlun, og vera með leið- beininga- samtöl við nýtt starfsfólk reglulega	Að deilda- stjórar taki á móti, beri ábyrgð á og þjálf nýtt starfsfólk í takti við annað starfsfólk deildar- innar.	Stjórnendur	Haust 2023	Vorið 2024	Á deilda- stjóra- fundum og í reglulegum samtölum við deilda- stjóra	Að deilda- stjórar taki reglulega samtöl og fylgi þeim eftir þannig að nýtt starfsfólk verði meðvitað um sitt hlutverk.
Viðtöl deildarstjóra við starfsfólk á deild	Að deildastjór ar taki 2 x á önn, viðtal við starfsfólk deildarinn ar. Allir deilda- stjórar nýti sér viðtalsblað með viðmiðum um líðan, markmið	Ákveða fyrir fram hvenær viðtölin fara fram og klára að útbúa viðtalsblað .	Stjórnendur	Sept 2023	Nóv 2023	Á deilda- stjóra- fundum	Að allt starfsfólk fái viðtöl hjá sínum deildar- stjóra og að viðtals- blöðin séu markvisst notuð



	og hvernig gengur.						
Uppeldis- og menntastarf							
Námskrá	Uppfæra námskrá leikskólans	Uppfæra námskrá Rauða-borgar. Skiptum með okkur verkum svo allt starfsfólk fái tækifæri til að koma að gerð námskrár-innar	Stjórnendur	Haust 2023	Vor 2024	Á deilda-fundum, deildastjóra-fundum og á skipulags-dögum	Að ný námskrá leikskólans verði aðgengileg öllum sem vilja fræðast um starfið okkar og að innihald hennar verði sýnilegt í starfinu.
Virkni barna þátttaka og lýðræði	Að börnin hafi val um hvað þau vilja gera hverju sinni hvern dag.	Að börnin geti tekið þátt í að skipu-leggja daginn sinn í samráði við starfsfólk. að það sé hlustað á börnin og að þau geti haft áhrif á leikskóla-	Deildastjórar , Stjórnendur	Haust 2023	Vor 2024	Á deilda-fundum, deilda-stjóra-fundum og á starfs-manna-fundum	Að börnin finni að þau geta haft áhrif á hvað þau gera og hvað er í boði, og læri að sýna frumkvæði í stað þess að starfsfólk taki fram fyrir hendurnar



		daginn sinn.					á börnunum og ákveði hvað er í boði hverju sinni.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Sjálfsfelling	Að allt starfsfólk verði meðvitað um eigin styrkleika og nýti sér þá í starfinu með börnunum	Hvetja starfsfólk til að prófa það sem þáð langar að gera, sækja námskeið og fræðslu sem boðið er upp á	Stjórnendur	Haust 2023	Vor 2024	Á deilda- stjóra- fundum og í viðtölum við deilda- stjóra	Að starfsfólk sýni frumkvæði og sé öruggt í starfi
Starfsánægja/starfsandi	Að allt starfsfólk sé ánægt í vinnu og skapa góðan starfsanda	Hafa reglulega uppbrot í starfinu og utan vinnutíma til að skapa gleði og ánægju	Allt starfsfólk	Haust 2023	Vor 2024	Metið í samtölum við deilda- stjóra og leikskóla- stjóra, einnig í starfs- manna- könnun, ef hún verður.	Að meðalskor úr könnunum og samtölum verði áfram gott.
Innra mat							
Mat barna ... börnin endurmeta	Að börnin fá tækifæri til	Útbúa matslista fyrir tvo	Stjórnendur, deildarstjóri á elstu deild.	Haust 2023	Vor 2024	Niður- stöður úr matslistum	Að börnin sjái breytingar



	að meta starfið með starfsfólki	elstu árganga leikskólans og leggja hann fyrir börnin að hausti og aftur að vori				og unnið að úrbótum /breytingu m út frá þeim.	og að þau upplifi að það sé hlustað á þeirra mat og tillögur.
Starfsmanna-samtöl	Að allt starfsfólk fái samtöl við deilda-stjóra og leikskóla-stjóra	Setja niður fasta tíma a.m.k. 2x á vetri við deilda-stjóra og á vorönn við leikskóla-stjóra	Stjórnendur	Haust 2023	Vor 2024	Farið yfir niður-stöður úr samtölum á endur-matsdegi að vori	Að starfsfólk verði meðvitað um að það geti haft áhrif á starfið í leik-skólanum, sagt sínar skoðanir og finni að á þau sé hlustað.
Foreldrasamstarf	Að foreldrar komi meira að starfinu með hugmyndum og tillögum	Þjóða foreldrum að koma með hugmyndir að innra starfinu og gefa þeim tækifæri til að koma í heim-sóknir á leikskóla-	Stjórnendur og deilda-stjórar	Haust 2023	Vor 2023	Eftir hvern viðburð á innra mats teymis-fundum, og á starfs-dögum	Að foreldrar finni að þeir geti haft áhrif á starfið í Rauðaborg



		tíma til að njóta með börnunum og vinum þeirra.					
--	--	---	--	--	--	--	--


3 Innra mat deilda

3.1 Innra mat Lauf

Í vetur voru 23 börn á Laufi, 15 börn fædd 2017 og 8 börn fædd 2018. Elsti hópurinn var mjög krefjandi þennan vetur, margir með erfiða hegðun sem bitnaði oft á samskiptum þeirra á milli og einnig í samskiptum við starfsfólkið.

Börn fædd 2017 fóru einu sinni í viku í hópastarf. Þar unnu þau fjölbreytt verkefni til undirbúnings fyrir grunnskólann s.s. lærðu helstu formin, lærðu að skrifa nafnið sitt, stærðfræði þar sem farið var yfir tölurnar frá 0 - 9. Vinastundir með Blæ voru reglulega og einnig var farið í jóga.

Bókaormur vikunnar var verkefni þar sem eitt barn í einu var bókaormur vikunnar. Þá valdi barnið bók heima, æfði sig í að segja frá bókinni og kom svo í lok vikunnar og kynnti bókina fyrir hópnum sínum. Börnin tóku þátt í Barnamenningarhátíðinni í apríl. Einnig var farið í nokkrar ferðir t.d. leikhús, símfóniútónleika, Húsdýragarðinn og í Vatnaskóg í útskriftaferð. Lubbastundir voru einu sinni í viku og var tekið fyrir eitt hljóð á viku og unnið með það.



Börn fædd 2018 fóru í hópastarf einu sinni í viku og unnu að ýmsum færniþáttum s.s. skrifa nafnið sitt, klippa, lita, spila og fleira. Þau fóru einu sinni í viku í Lubbastund. Þau fóru reglulega í vinastundir með Blæ og byrjuðu aðeins á jóga. Þau fóru einnig í nokkrar ferðir t.d. Húsdýragarðinn, Þjóðminjasafnið og fóru líka reglulega á bókasafnið til að velja sér bækur fyrir samverustundir og rólegar stundir.



Fataherbergið:

Vel gekk að gera börnin sjálfbjarga í fataklefanum. Oft erfitt að raða skóm sökum þrengsla og miklu magni af skófatnaði. Stundum voru of mörg börn í fataklefanum.

Styrkleikar: Börnin voru dugleg að bjarga sér sjálf í fataklefanum og dugleg að hengja upp fötin sín.

Tækifæri til umbóta: Að hafa ekki of marga í fataklefanum í einu og athuga með val á því að fara út.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Fatalefi	Að börnin verði sem mest sjálf- bjarga og gangi vel um fötin sín. Skapa gott jafnvægi í fataklefa	Hjálpa börnunum að ganga frá fötunum sínun. Hafa fá börn í einu í fataklefa að hámarki átta samtímis	Deildar- stjóri og allt starfsfólk framkvæmir	Haust 2023	Vor 2024	Metið með starfsfólki deildarinnar á deildarfundum og í daglegu starfi, jafnt og þétt yfir veturinn.	Að gott jafnvægi sé í fataklefa og börnin gangi snyrtilega um fötin sín

Félagsfærni:

Vorum með litla leikhópa í haust og blönduðum saman 2017 börnum og 2018 börnum. Þetta gekk vel þegar við gátum farið í hópanna og félagaval jókst hjá börnunum. Farið var í vinastundir með Blæ, sungin vinalög og farið í vinaleiki

Styrkleikar: Börnin voru dugleg í Vinastundum með Blæ og tóku virkan þátt í umræðum



Tækifæri til umbóta: Hefði mátt fara oft í Vinastundir og við hefðum viljað sjá börnin tileinka sér meira það sem tekið var fyrir í vinastundunum og yfirfæra það á daglegt starf því þau voru mjög móttækileg fyrir þessu verkefni.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Efla vináttu og samkennd meðal barnanna Að þau þori að standa með sér og vinum sínnum.	Búa til leikhópa þvert á aldur. Vera með blæstundir og vinamöppu Hafa blæ sýnilegri fyrir börnin	Deildar- stjóri Og allt starfsfólk fram- kvæmir	Haust 2023	Vor 2024	Metið með starfsfólki deildarinnar og í daglegu starfi. Ljósmyndir	Að auka félagaval hjá börnunum Og að vinátta eflist. Börnin geti leikið saman óháð aldri og þroska

3.2 Innra mat Lyng

Umbótaþættir sem var lagt upp með fyrir skólaárið 2022 – 2023 voru samvinna milli Hreiðurs og Lyngs og félagsfærni. Samvinnan á milli Hreiðurs og Lyngs átti að fara þannig fram að sameiginleg leiksvæði yrðu nýtt og flæðið á milli deilda yrði á ákveðnum tímum dags. Félagsfærnin var hugsuð til að efla vináttu og samkennd meðal barnanna. Auka sjálfstraust barna þannig að þau þori að standa með sjálfum sér og öðrum. Blær átti að koma sterkur inn í vináttuna með ákveðnum Blæ stundum, hafa litla leikhópa þar sem allir fengju að njóta sín.



Samvinna

Flæðið hefði mátt vera betra hjá okkur í vetur. Af og til var það í boði en ekki í föstum skorðum. Nú á vormánuðum höfum við haft ákveðinn tíma dags í flæði, t.d. milli 8:00 og 9:00 á morgnanna og síðan milli 15:00 og 16:00. Við nýttum sameiginlegt svæði, Dalur að mestu leyti



í flæðið þar sem rennihurð var opnuð til að auka rými og þannig höfðu börnin jafnan aðgang að rýminu frá báðum deildum.

Styrkleikar: Þeir styrkleikar sem felast í flæðinu er að börn og starfsfólk kynnast betur. Börnin af Hreiðrinu fara flest á Lyng næsta skólaár og því er gott að þau fái tækifæri til að kynnast starfsfólkinu þar jafnt og þétt yfir veturinn og mynda tengsl.

Tækifæri til umbóta: Við hefðum mátt byrja fyrr á flæðinu og ákveða þær stundir dags sem flæðið færi fram. Það þarf að skoða betur almennt dagskipulag og finna út hvenær er best að hafa flæði þar sem allir fá að njóta sín, börn og starfsfólk. Við stefnum á að halda flæðinu áfram næsta skólaár.

UMBÓTABÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samvinna milli Hreiðurs og Lyngs	Vinna meira með Hreiðri	Skipuleggja stundir fyrir flæði. Nýta sameiginleg leiksvæði milli deilda.	Deilda- stjórar Starfsfólk	Okt 2023	Maí 2024	Ræða saman á deildafundum. Rýna í starfið. Skrifa niður hvernig gengur. Meta reglulega á fundum.	Að börn finni fyrir öryggi á báðum deildum. Geti leitað til allra.



Félagsfærni

Á Lyngi var lögð áhersla á að efla félagsfærni í minni hópum, t.d. í hópastarfi og Lubbastundum. Í minni hópum er auðveldara að ná til barnanna, þau fá leikefni og verkefni við hæfi ásamt því að meiri ró myndast í hópnum.

Styrkleikar: Öll börn fóru í hópastarf a.m.k. einu sinni í viku og Lubbastundir sömuleiðis. Einnig var lögð áhersla á að skipta börnunum upp og nýta þau rými sem eru í boði, Kjarr, Dalur, Lyng, hvort sem farið var í borðvinnu eða leik á gólfi.



Tækifæri til umbóta: Í starfsáætlun fyrir skólaárið 2022 – 2023 kom fram að nýta átti Blæ til að efla félagsfærni en lítið varð úr því. Næsta skólaár ætlum við að koma Blæ stundum að í dagskipulagi hjá okkur eins fljótt og auðið er og nýta Blæ meira í daglegu starfi. Morgnarnir eru tilvaldir í þessar stundir. Á Hreiðri var lagt upp með litla hópa sem skiptast á stöðvum milli 9 og 10 og stefnum við að því að útfæra svipað á Lyngi næsta skólaár þar sem börnin eru í hópum og skiptast á svæðum eftir ákveðinn tíma. Á þessum stöðvum er t.d. hægt að vinna með Blæ, fönndra, leika í frjálsum leik og margt fleira.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Að börn verði örugg, að það myndist vina- sambönd.	Nýta Blæ, Lubba og hópastarf	Deildar- stjóri, starfsfólk deildar- innar.	Sept 2023	Maí 2024	Ræða á deildafundum.	Við sjáum að börnin leika sér sjálf, sæki í önnur börn. Fari úr hliðarleik og í samvinnuleik.

Nýr umbótaþáttur fyrir skólaárið 2023-2024

Sjálfbjörg:

Sjálfbjörg er eitt af því sem við viljum leggja áherslu á skólaárið 2023 – 2024. Leggja áherslu á að kenna börnunum að klæða sig, nota klósettið, skammta á diska í matmálistímum og vera almennt sjálfbjarga í daglegum athöfum.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfbjörg	Að börn geti hjálpað sér sjálf, klætt sig, noti klósett og almennt hreinlæti	Gefa góðan tíma í að klæða sig, leyfa börnunum að gera sjálf	Starfsfólk deildar- innar	Sept 2023	Maí 2024	Á deildarfundum og deildastjórafundum	Að útivera hjá börnum lengist, styttri tími í fataklefa og stolt börn



3.3 Innra mat Hreiður

Þeir umbótaþættir í starfinu sem ákveðið var að skoða skólaárið 2022-2023 voru samvinna á milli Hreiðurs og Lyngs og félagsfærni. Samvinnan á milli deildanna var tilvalin þar sem börnin eru á svipuðum aldri og þroska. Vináttuverkefnið Blær nýttist í að auka félagsfærni hjá börnunum.

Samvinna:

Samvinna á milli deildanna Hreiðurs og Lyngs sem var í formi flæðis og fór að mestu leyti fram í sameiginlegu rými, Dalur. Þar var opnað á milli að börn af báðum deildum gátu leikið saman í allskonar leikjum og kynnst enn betur í gegnum leikinn og félagaval jókst. Einnig hefur verið frjálst val að fara á milli Hreiðurs og Lyngs og þannig nýttist mannauðurinn einnig betur.



Styrkleikar: Með því að hafa flæði á milli deilda kynnst börnin betur innbyrðis ásamt því að börn og starfsfólk kynnist enn betur. Við sáum á öllum leik barnanna hversu mikið þau hafa tengst og lært mikið að leika saman á þessum tíma.

Tækifæri til úrbóta: Flæðið hefði mátt byrja fyrr en við byrjuðum ekki fyrr en seint í vetur. Það þyrfti að útfæra verkefnið betur eins og hvort eigi að hafa þetta daglega og þá hvort eigi að hafa þetta á föstum tíma dags eða allan daginn. Við stefnum að því að festa samvinnuna með flæði enn frekar inn í starfið okkar og næsta vetur munum við halda áfram með þetta verkefni.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Samvinna milli Hreiðurs og Lyngs	Blanda betur börnum og starfs- fólki	Skiptum börnum beggja deilda í litla sameiginleg a hópa í	Deilda- stjórar beri ábyrgð. Allt starfsfólk framkvæmir .	Sept 2023	Maí 2024	Á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Að börnin séu örugg og geti leitað til



		rýmum beggja deildanna					starfs- fólks beggja deilda
--	--	------------------------------	--	--	--	--	--------------------------------------

Félagsfærni:

Að vinna markvisst með Vináttuverkefnið – Blær með áherslu á félagsfærni barna. Börnunum var skipt í þrjá 4ra barna hópa sem fengu Blæ stund 2svar sinnum í viku í 15 mín í senn. Tveir starfsmenn skiptust á að sjá um þessar stundir og sáu þær alfarið um allt sem fylgdi þessum stundum. Við hengdum upp myndir í rými þar sem börnin eru við leik og það opnaði umræður á milli þeirra, starfsfólks og foreldra.



Styrkleikar: Gerðum litla hópa sem virkaði mjög vel og fengu börnin tækifæri til að vera í rólegheitum að kynnst hvert öðru og starfsfólki mun betur. Skipulagðar Blæ stundir hafa gert mikið fyrir félagsfærni hjá öllum í hópnum.

Tækifæri til úrbóta: Blær hefði mátt byrja mun fyrr hjá okkur í vetur en þar sem starfsfólkið var ekki búið að fá þjálfun og var óöruggt hvernig ætti að bera sig að í þessum stundum því dróst þetta á langinn. Einn starfsmaður deildarinnar fór á námskeið Barnaheilla um verkefnið, kynnti það hinu

starfsfólkinu og eftir það fór allt í gang. Þessi þáttur er orðinn hluti af leikskólastarfi okkar á Hreiðrinu og munum við halda áfram með þetta verkefni næsta vetur.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Efla félags- færni barn- anna	Með reglu- legum Blæ stundum og sam- ræðum	Deildarstjóri ber ábyrgð og starfsfólk deildarinnar fram- kvæmir	Sept 2023	Maí 2024	Á deildafundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Að börnin þrói með sér færni í sam- skiptum og samvinnu

Nýr umbótaþáttur fyrir skólaárið 2023-2024

Mataruppeldi

Ákveðið var að rýna betur í starfið okkar út frá matartímum. Við viljum skoða betur mataruppeldi barnanna og reyna að sporna við aukinni matarsóun. Með því að starfsfólk skammti minna á diskana hverju sinni og gefi frekar oft á diskinn, efla börnin í að smakka allan mat og þegar líður á vorið að láta þau sækja sér mataráhöld sem og ganga frá eftir sig á vagnana.

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Mataruppeldi	Sporna við matar- sóun	Með minni skömmtum , fá frekar oftar á diskinn og sjálfbjarga í matar- tímum	Deilda- stjórar beri ábyrgð. Allt starfsfólk fram- kvæmir.	Sept 2023	Maí 2024	Á deildafundum með starfsfólki deildarinnar reglulega yfir árið.	Börnin klári frekar af disknum og minni afgangar



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Menntun án aðgreiningar höfð að leiðarljósi í öllu skipulagi. Kennslan var skipulögð út frá ákveðinni stundaskrá sem gerð var í upphafi haustsins 2022 og uppfærð eftir áramót 2023. Með gerð stundarskrár voru þarfir hvers og eins hafðar í huga þar sem ýmist var unnið með einstaklinga eða í fámennum hópum. Skráning var framkvæmd jafnóðum eftir því sem við átti í hvert skipti.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Matsgögn: TRAS, HLJÓM 2 og EFI . AEPS matslisti ef þurfa þykir í gerð einstaklingsáætlana. einnig voru notaðir ýmsir matslistar í samráði við sálfræðing hjá þeim börnum sem þurftu að fara í þroska próf.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Alls konar námsgöng voru notuð sem hentuðu hverjum og einum sem og fámennum hópum. Sem dæmi má nefna voru notuð ólík spil, hljóðfæri, orðakassar af ýmsu tagi til að efla orðaforða, bækur, alls konar leikföng, litir, púsluspil stærðfræðigögn s.s. Numicon, stærðfræðispil o.fl.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<p>Markviss snemmtæk íhlutun. Andleg vel - líðan barna</p>	<p>Andleg vel-líðan barna höfð að leiðarljósi með því að allt starfsfólk séu til staðar fyrir börnin og</p>	<p>Skipulagðir fundir með sérkennslustjóra og öllum þeim sem sinna stuðningi</p>	<p>Sérkennslustjóri og deildarstjórar Einnig allt starfsfólk leikskólans eru ábyrgir fyrir andlegri</p>	<p>Haust 2023</p>	<p>Vor 2024</p>	<p>Metið að vori út frá nýjum niðurstöðum TRAS, EFI og HLJÓM 2 á fundi með sérkennslu-</p>	<p>Árangur metin út frá settum markmiðum.</p>



	<p>meðvitaðir um mikilvægi frjálsa leiksins. Einnig skapa jákvætt umhverfi fyrir góðan leik sem í senn styrkir félagslags- og tilfinningaþroska barnanna. Fylgja vel stundaskrá og einstaklingsnámskrá. Vera vakandi fyrir snemmtækri íhlutun s.s. með málörvun, aðstoð í félagslegum aðstæðum o.s.frv. Ekki biða með aðgerðir þangað til barnið fær einhverja greiningu</p>	<p>Styrkja börnin í leik og í starfi, einstaklingslega og með öðrum börnum</p>	<p>velliðan barnanna ásamt því að vera vakandi yfir þroska barnanna.</p>			<p>stjóra og deildarstjóra. Einnig metið út frá einstaklingsáætlunum.</p>	
<p>Markviss málörvun</p>	<p>Í stórum sem smáum hópum við ólíkar aðstæður.</p>	<p>Fjölbreytni í málörvun s.s. spila lesa, börnin búa til sögur.</p>	<p>Sérkennslustjóri/deildarstjórar</p>			<p>Samráðsfundir að vori með sérkennslustjóra, leikskólastjóra</p>	<p>Árangur metin út frá matslistum</p>



	Einnig nota Gefðu 10					og deildarstjórum	
Markviss notkun á EFI, TRAS og HLIÓM	Nýta niðurstöður matslista með snemmtækri íhlutun ef þurfa þykir.	Nota Gefðu 10. Styrkja börn í allri tjáningu í leik, samverustundum og hópastarfi				Matslistar endurteknir eða fylltir út s.s. TRAS	Árangur metin út frá matslistum

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Með kaupum á spilum, bókum og þroskaleikföngum.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Markviss orðaforðavinna er unnin með því að setja orð á athafnir og einnig með sjónrænu skipulagi sem farið er í gegnum daglega. Auk þessa hafa tvítyngd börn fengið einstaklingsþjálfun 3 – 4x í viku og lagður inn grunnorðaforði. Í maí 2023 verður farið markvisst í að vinna með Gefðu 10.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Tvítyngd börn hafa fengið samverustundir 3 – 4x í viku sem hentar þeirra málþroska og orðaforða. Einnig hafa margar söngstundir miðað að því að tvítyngdu börnin séu virk með því að nota tákn með tali og hreyfisöngva. Mikilvægt er að tvítyngdum börn finnist þau vera þátttakendur í starfi leikskólans en til að það geti orði þarf þeim að líða vel og starfsfólk vera stöðugt á verði í öllum aðstæðum að setja orð á allar athafnir.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Fylgst er með framförum tvítyngdra barna m.a. í gegnum frjálsan leik, félagsleg samskipti við önnur börn og hvort þau noti íslenskuna til að biðja um það sem þau þurfa án þess að benda. Jafnframt er fylgst vel með því hvort þau skilji



	einföld fyrirmæli. Matstækið TRAS er notað en einnig EFI og HLJÓM 2.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það er markmið leikskólans að börnunum líði vel og fái tækifæri til að tjá sig við ólíkar aðstæður sem gerist smám saman eftir því sem þau verða öruggari við þær krefjandi aðstæður sem þau þurfa að fást við í leikskólanum. Börnum sem líður vel og upplifa sig sem þátttakendur í barnahópnum eru fljótari að ná tökum á ólíkum blæbrigðum íslenskunnar.

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni Málproski	Efla og auka orðaforða kennslu. Gefa þessum börnum tækifæri til að tjá sig og styrkja félagsleg tengsl við íslensku börnin með því að aðstoða þau við að koma sér inn í leikinn á jákvæðan hátt.	Nota og virkja aðferðina Gefðu 10. Innleiðing á Hæfnirömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn.	Deildarstjórar/ sérkennslu- stjóri	Haust 2023	Vor 2024	Metið að vori út frá nýjum niðurstöðum TRAS, EFI og HLJÓM 2 á fundi með sérkennslu- stjóra og deildarstjórum.	Viðmið um árangur eru skoðuð út frá hæfnirömmum.



	Sjá nánar fyrir ofan málörvun o.fl						
--	------------------------------------	--	--	--	--	--	--

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl leikskólastjóra við allt starfsfólk fóru fram í apríl 2023. Tilgangur starfsþróunarsamtala er að hlusta og heyra hvernig starfsfólki líður í vinnunni. Deildastjórar tóku viðtöl við sitt starfsfólk í mars 2023. Næsta skólaár munu samtöl deildastjóra við starfsfólk vera skipulögð að hausti, í byrjun október og desember og að vori í apríl. Í samtölunum í október setur starfsmaður sér markmið sem hann vinnur að í starfi sínu fram að næsta samtali.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir starfsþróun skólaársins 2022-2023.

Tímabil	Námskeið – Fyrirlestrar	Hverjir
Sept 2022 – maí 2023	Forystunám	Aðstoðarleikskólastjóri
Sept 2022 – maí 2023	Innra mat	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Okt 2022 – maí 2023	Lærdómssamfélag leikskólastjóra 1x í mánuði	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Okt 2022 – maí 2023	Leiðtoganámskeið – Leiðtogi framtíðarinnar	Leikskólastjóri og deildarstjóri
16.09.2022	Lubbanámskeið	Deildarstjóri og leiðbeinandi
22.09.2022	Ráðstefna starfsfólks leikskóla	Starfsfólk Hreiðurs
20.10.2022	Fjölmening	Sérkennslustjóri
09.11.2022	EFI-2 réttindanámskeið	Aðstoðarleikskólastjóri
30.01 og 31.01.2023	AEPS – færnimiðað matskerfi	Sérkennslustjóri
27.02.2023	Blær námskeið	Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri
03.03.2023	ART námskeið	Allt starfsfólk



07.03, 09.03 og 10.03.2023	Vinnusmiðjur	Leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóri
09.03 og 30.03.2023	TRAS námskeið	Deildarstjóri
21.03.2023	Áföll í uppvexti barna	Sérkennslustjóri
10.04. – 14.04. 2023	Útikennslunám í Litháen	Deildarstjóri
Apríl 2023 – Maí 2023	Námskeið fyrir nýja leikskólastjórnendur	Leikskólastjóri
15.05. – 01.06. 2023	Fagnámskeið 1	Leiðbeinandi

Skólaárið 2023-2024

„Á skipulagsdegi í maí var ákveðið að fara í námsferð á næsta skólaári og er ætlunin að nýta tvo skipulagsdaga í þá ferð 24. og 26. apríl 2024. Ákveðið var að fara til Berlínar í námsferð 2024

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Rauðaborgar og Seláaskóla hófst í nóvember þar sem nemendur í 1.bekk í Selásskóla komu í heimsókn í Rauðaborg, gamla leikskólann sinn. Það var sungið saman og leikið í leikskólanum. Í nóvember komu einnig nemendur 5.bekkjara í Selásskóla og lásu fyrir öll börn í Rauðaborg í tilefni af degi íslenskrar tungu. Leikskólabörnunum fannst mjög gaman fá börn frá Selásskóla til að lesa. Einnig voru sum systkini barnanna að lesa og þótti það mjög skemmtilegt. Í febrúar var 1.bekkur heimsóttur, þar sem leikskólabörnin sátu tvær kennslustundir, fóru í frímínútur og borðuðu nesti saman með 1.bekk. Í maí var farið í heimsókn í frístundarheimilið Víðisel þar sem börnin fengu að skoða aðstæður og sjá hvað er í boði þar. Börn úr 1. og 2.bekk í Selásskóla hittu leikskólabörnin í frístund og áttu þau góða stund þar saman.



Það er ekki komin tímasett áætlun fyrir komandi skólaár 2023 – 2024, en gert er ráð fyrir að hún verði með svipuðu sniði og undarfarin ár

Áætlun vetrarins, samstarf Selásskóla og Rauðaborgar 2023- 2024

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning
Október 2023	Undirbúningsfundur í Selásskóla	Selásskóli
Nóvember 2023	Heimsókn barna úr 1. bekk Selásskóla í Rauðaborg	Rauðaborg
Nóvember 2023	Nemendur í 5.bekk lesa fyrir leikskólabörn í Rauðaborg	Rauðaborg
Desember 2023	Heimsókn á bókasafnið	Selásskóli
Febrúar 2024	Heimsókn elstu barna úr Rauðaborg í Selásskóla	Selásskóli
Maí 2024	Frístundaheimilið Víðisel heimsókn	Víðisel

Heimahagar:

Heimahagar eru samstarf leikskólanna Heiðarborgar, Blásala, Rauðaborgar og Selásskóla í Reykjavík. Verkefnið byrjaði sem þróunarverkefni og hefur staðið í nokkur ár. Markmiðið með samstarfinu er að efla samvinnu og tengsl leikskólanna og grunnskólans í Seláshverfi. Heimahagar er útinám og hittast börnin á sameiginlegu útisvæði á um það bil mánaðarfresti.



Samstarfið hefur tekist frábærlega vel og börnin njóta góðs af.

Það er ekki komin tímasett áætlun fyrir komandi skólaár 2023 – 2024, en gert er ráð fyrir að hún verði með svipuðu sniði og undarfarin ár

Heimahagar 2023 - 2024

Dagsetning og tími	Viðburðir
September 2023	Heimahagar Allir hittast og leika saman
Október 2023	Heimahagar – Leikir og útiverkefni Rauðaborg og 1.bekkur í Selásskóla
Nóvember 2023	Heimahagar – Leikir Rauðaborg og 1.bekkur í Selásskóla
Nóvember 2023	Heimahagar – Vetrarsamvera Selásskóli, Heiðarborg, Blásalir og Rauðaborg
Janúar 2024	Heimahagar – Leikir Rauðaborg og 1.bekkur í Selásskóla
Febrúar 2024	Heimahagar – Leikir Rauðaborg og 1.bekkur í Selásskóla
Mars 2024	Heimahagar – Leikir Rauðaborg og 1.bekkur í Selásskóla
Maí 2024	Heimahagar – Vorsamvera Selásskóli, Heiðarborg, Blásalir og Rauðaborg
Júní 2024	Reiðskólinn – Hestbak

8 Foreldrasamvinna

- Í foreldraráði eru fjórir foreldrar.
- Kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna verður í september 2023. Í október verða morgunfundir fyrir foreldra hverrar deildar fyrir sig.
- Foreldrasamtöl eru í nóvember og febrúar, foreldrum allra barna er fundinn tími, reiknað er með hálf tíma fyrir hvert barn og deildastjórar taka viðtölin. Ef þurfa þykir að hafa fleiri foreldrasamtöl er það gert í samráði við foreldra.
- Foreldrafélag er starfandi. Tilgangur þess er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Hefð er fyrir því að foreldrafélagið standi



fyrir vorhátíð ár hvert og sjái um skemmtiatriði og samverur með börnum utan leikskólatíma m.a. sundferðir, skógarferðir, piparköku málun og gönguferðir. Leikskólastjóri Rauðaborgar er tengiliður leikskólans við foreldrafélagið.

- Deildastjórar og stjórnendur senda foreldrum reglulega póst með ýmsu því sem foreldrar geta haft bæði gagn og gaman af. Með því móti gefst foreldum tækifæri til að hafa áhrif og koma hugmyndum sínum á framfæri, auk þess að upplýsingum um allt mögulegt er þannig komið til skila.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar Rauðaborgar skólaárið 2023-2024:

- Mán. 21. ágúst 2023
- Mið. 18. október 2023
- Föst. 24. nóvember 2023 (sameiginlegur með leik- og grunnskólum)
- Föst. 26. apríl 2024 (námsferð starfsfólks)
- Mán. 29. apríl 2024 (námsferð starfsfólks)
- Föst. 17. maí 2024 (sameiginlegur með leik- og grunnskólum)

Leikskóladagatal Rauðaborgar skólaárið 2023 – 2024: Sjá fylgiskjal 2

10 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal

01.07.2023,
F. h. leikskólans Rauðaborgar

Unnur Hermannsdóttir
Leikskólastjóri.



10.1 Fylgiskjal 1 –Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð er ánægt með starfið á leikskólanum Rauðaborg árið 2022-2023. Á þessu ári vann skólinn með sjálfsefningu og félagsfærni í daglegu starfi þvert á allan aldur, okkur þykir það jákvætt að börnin voru hvött til að prófa nýja hluti, gera sjálf og að þessu verði viðhaldið næsta vetur. Sem foreldrar í leikskólanum þá finnum við fyrir gleði hjá börnum sem fullorðnum í leikskólanum. Auk þess finnst okkur æðislegt að það sé unnið bæði í stórum og smáum hópum þar sem það eflir félagsfærni og þolinmæði. Umbótaáætlun skólans er vel uppsett og með þáttum sem okkur þykja mikilvægir svo sem að koma upp öryggi í starfi meðal starfsfólks, að starfsfólk fái að prófa nýja hluti sem þeir hafa áhuga á, þjálfra samskipti hjá börnum og umhverfisvitund. Einnig að taka eigi vel utan um nýja starfsmenn og leiðbeina þeim í starfi svo allir fái að njóta sín. Okkur þykir auk þess jákvætt að það verði ekki mikil starfsmannabreyting fyrir næsta vetur. Innra matið leiddi í ljós gott starf á hverri deild og skýr markmið. Þó sumt hefði mátt fara fyrr af stað eins og var nefnt í áætluninni, þá gekk starfið vel á hverri deild fyrir sig og eru umbótaáætlanir skýrar og raunhæfar. Einnig var gaman að sjá að samstarf á milli deilda var gert markvisst sem verður til þess að flutningur á milli deilda verður börnunum einfaldari og aukið félagaval hjá börnunum. Hrifning okkar af vináttuverkefningu Blæ er mjög mikil og erum við í foreldraráði ánægð með að sjá að það heldur áfram og verður markvissara á næsta skólaári. Auk þess er frábært að sjá innra mat sérkennslu, umbótaáætlun hennar og markmið s.s að unnið var með einstaklingi eða í hóp og komið til móts við þarfir hvers og eins. Samstarf við foreldra virðist vera gott og í góðum farvegi. Það á einnig við um samstarf á milli Rauðaborgar og Selásskóla og finnst okkur jákvætt að sjá að það eigi að auka það samstarf enn frekar með tíðari heimsóknum.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Agnes Svansdóttir

Áslaug Eva Antonsdóttir

Brynhildur Ýr Ottósdóttir

Sigurlaug Jónsdóttir



10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla:

Rauðaborg

ÁRÐAGT	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MÁRS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 F	1 M	1 L
2 M	2 L	2 F	2 F	2 Þ	2 F	2 L	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 S	3 S	3 M	3 M	3 F	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 S	4 M	4 M	4 F	4 F	4 Þ	4 Þ
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 M	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 Þ	6 M	6 L	6 L	6 L	6 M	6 F
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 S	7 Þ	7 F
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 M	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 F	9 Þ	9 Þ	9 F	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 M	10 F	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 S	11 F	11 F	11 L	11 Þ
12 L	12 Þ	12 S	12 S	12 Þ	12 M	12 M	12 F	12 F	12 F	12 S	12 M
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 L	13 L	13 L	13 M	13 F
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 S	14 M	14 M	14 S	14 S	14 S	14 Þ	14 F
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 F	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 L
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 M	16 F	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 F	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 F	18 F	18 F	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 M	19 M	19 F	19 M	19 F	19 Þ	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F
21 M	21 F	21 L	21 F	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 F	21 Þ	21 S
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 S	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 M
24 F	24 S	24 M	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 M	24 F	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 S	25 Þ	25 F	25 L	25 F
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 Þ	26 M	26 F	26 S	26 F
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 L	27 L	27 M	27 M	27 L
28 M	28 F	28 F	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 F	28 S	28 S	28 Þ	28 F
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 S
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 M	30 L	30 Þ	30 F	30 M	30 M
31 F	31 F	31 S	31 M	31 M	31 M	31 S	31 S	31 Þ	31 F	31 F	31 M

Í flestum um leikskólabörnustu ségt.
 Leikskólar eru ískafri sex daga á ári vegna skuldbindinga. Því þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda. Eru skólinn en hinn þriðji daga verð ymist hálfri daga eða heilir. Leikskólagjöld þakka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólinn Reykjavíkurborgar taka að gignarkvi tuttingu virka daga samantítt. Leikskólstjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og forfarar að viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allri samantítt eða öku samantítt. Þú til endursu virka daga.

